

Þriðjudaginn 13.ágúst 2013 kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka. Fyrir var tekið niðurjöfnun fjallskila og mat á þeim.

Ákveðið var að farið verði í göngur fimmtudaginn 5.september n.k. og réttað laugardaginn 7.september.

Stóðrétt hefjist kl: 9:00 árdegs þann dag og sauðfé verði réttað þegar það kemur til réttar.

Heimalandasmölun ákveðin laugardaginn 28.september og skilarétt sunnudaginn 29.september kl: 14:00.

Rætt um mat á fjallskilaskildri vinnu og ákveðið að hækka hana um 3%.

Verð á klst. í eftirleitum ákveðið 1.960 kr.

Rætt um ástand á hesthúsi á Húki,sem talið er ónýtt og ljóst er að úrbóta er þörf. Ákveðið að nefndarmenn fari á staðinn og athugi með lausnir fyrir haustið.

Fleira ekki tekið fyrir.

Rafn Benediktsson (Sign)

Ari Guðmundur Guðmundsson (Sign)

Ólöf Þorsteinsdóttir. (Sign)